

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



17. október 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 63. mál á 153. löggjafarþingi

Tekjustofnar sveitarfélaga (gjaldstofn fasteignaskatts)

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að framvegis verði gjaldstofn fasteignaskatts ekki fasteignamat heldur flatarmál fasteigna talið í fermetrum. Núverandi fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt, ekki síst í seinni tíð þegar ört hækkandi húsnæðisverð hefur leitt til mikilla sjálfvirkra hækkana fasteignaskatts. Hagsmunasamtök heimilanna fagna því að með frumvarpinu sé komin fram tillaga um að breyta því fyrirkomulagi og skapa þannig aukna festu og fyrirsjáanleika í álagningu skattsins.

Þeim fáránleika sem felst í núverandi fyrirkomulagi er e.t.v. best lýst með raunhæfu dæmi:

Aldís og Bjarni keyptu á sama tíma og á sama verði nákvæmlega eins raðhús í sömu raðhúsallengju. Frá því að þau keyptu hefur sveitarfélagið þar sem húsið er staðsett úthlutað færri lóðum en þörf er á til að mæta auknum mannfjölda. Þetta hefur leitt til skorts á framboði húsnæðis og mikilla hækkana á húsnæðisverði. Aldís ákveður því að auglýsa sitt raðhús til sölu og það selst á 50% hærra verði en hún keypti það á upphaflega. Árið eftir er fasteignamat á raðhúsi Bjarna þess vegna orðið 50% hærra en keypt var á og hann þarf því að greiða helmingi hærri fasteignaskatt en í upphafi. Ekkert hefur breyst hjá Bjarna, hann er ekki í neinum söluhugleiðingum, tekjur hans hafa ekki hækkað umfram verðlag og hann hefur ekkert gert til að verðskulda aukna skattbyrði. Það eina sem hefur gerst er að skattbyrðin hefur hækkað sjálfkrafa þó enginn hafi ákveðið það og lífskjör Bjarna skerst sem því nemur.

Hagsmunasamtök heimilanna telja það óviðunandi að stórfelldar hækkanir á húsnæðisverði eins og að undanfögnu leiði sjálfkrafa til samsvarandi skattahækkana. Skattar eiga aldrei að hækka sjálfkrafa heldur á það alltaf að þurfa að vera sérstök ákvörðun að hækka þá, svo að slíkri aðgerð fylgi pólitísk ábyrgð og kjörnir fulltrúar verði að svara fyrir hana gagnvart kjósendum. Skattgreiðendur eiga ekki heldur að þurfa að sætta sig við hærri skatta á húsnæði án þess að hafa gert neitt til að verðskulda það og án þess að breytingar hafi orðið á högum þeirra sem réttlæti þá auknu skattbyrði.

Hagsmunasamtök heimilanna mæla með því að ofangreint frumvarp verði **samþykkt**.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is